

Opinn og sjálfbær sjávarútvegur

- Íslenskur sjávarútvegur segir sína sögu, sjálfur -



Umfjöllun um íslenskan sjávarútvegs erlendis markast oft af ótta um ofveiði fiskistofna, mengun og velferð dýra. Íslenskur sjávarútvegur þarf að taka frumkvæði í umfjöllun og miðlun vandaðra upplýsinga um íslenskan sjávarútveg, um mat á stöðu stofna, áhrifum af veiðum, og um árangur í fiskveiðistjórnun. Til þess verður stofnaður upplýsingavefur sem sjávarútvegur á Íslandi starfrækir í sameiningu.

Opinn aðgangur að ítarlegum upplýsingum og gögnum um hafið, veiðar er mikilvæg leið til þess að mæta þessum áhyggjum og um leið til að stuðla að málefnalegum umræðum og hafa áhrif á ákvarðanir kaupenda. Þar er of mikið um úreltar, rangar og misvísandi upplýsingar, en

oft er treyst á þær. Sem er óþarfi, því á Íslandi eru opinberir gagnagrunnar barmafullir af nýjum og iðandi gögnum og upplýsingum.

Sameiginleg vefsíða fyrir sjávarútveg, með tölum, gögnum og upplýsingum frá fyrirtækjum greinarinnar, ráðuneyti og stofnunum þess, hagsmunasamtökum – með vinnuheimið *Sporður* er í undirbúningi.

Síðan býður notandanum aðgang að gögnum og upplýsingum sem núna liggja víða og í nokkrum ólíkum gagnagrunnum, stofnunum og hjá fyrirtækjum. Það eru ekki samkeppnisupplýsingar, heldur upplýsingar sem eru þegar opinberar, en liggja of víða til að vera aðgengilegar kaupendum og dreifendum íslenskra sjávarafurða eða hagsmunaaðilum erlendis. Þegar fólk hefur ekki upplýsingar, er oft giskað í eyðurnar. Þessar eyður eru óþarfi. Félög erlendis, samtök og stofnanir birta nú þegar mat á íslenskum fiskistofnum án nokkurrar aðkomu Íslendinga. Það ekki þjónar ekki hagsmunum Íslands – þessar upplýsingar eiga að koma frá greininni sjálfri.



Tölur um sjávarútveg

Í Sporði verður hægt að nálgast öll gögn, tillögur, upplýsingar um rannsóknir og ákvarðanir opinberra aðila og stofnana

Efnistöð byggja á þremur stöðum sem eru a) staðreyndir um íslenska fiskveiðistjórnun b) lifandi tölur c) sögur af daglega lífinu á nýjum miðlum sem sýna lífið í sjávarútvegi og öll afleiddu verkefni.

HVERT ER VERKEFNIÐ?

Sameiginlegur vefur verður í eigu mikilvægustu stofnana, fyrirtækja í sjávarútvegi og samtaka.

Dreift eignarhald er til hagkvæmni og hlutleysis við miðlun upplýsinga um íslenskan sjávarútveg.

Framsetning á að vera einföld og skiljanleg en um leið á allt efni á að vera nákvæmt og ítarlegt.

Þörfin erlendis og áhuginn innan greinarinnar er vissulega til staðar – þá er bara eftir að gera.

HVAÐ?

Íslenskur uppfærður upplýsingavefur um sjávarútveg - á einum stað - á ensku og síðar á öðrum tungumálum.

HVERNIG?

Greinin stofnar saman og fjármagnar félag sem rekur hlutlausa upplýsingaveitu

HVERJIR?

Fyrirtækin, ráðuneyti, stofnanir, hagsmunasamtök, bankar upplýsingatæknifyrirtæki

FYRIR HVERJA?

Kaupendur, seljendur, dreifendur, neytendur og fjölmiðla á mörkuðum fyrir íslenskar sjávarafurðir.

HVAR?

Á veraldarvefnum